



Skólaráðsfundur 11. febrúar 2026

Fundinn sátu: Karítas Björnsdóttir, Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Þ. Elenóra Jónsdóttir, Kristján Bjarni Halldórsson og Hallfríður Sverrisdóttir, sem ritaði fundargerð. Fulltrúi nemenda: Hafþór Ingi Brynjólfsson í 10. bekk.

Dagskrá

1. Lesfimiþróf MMS - nýjungar
2. Nýtt starfsfólk
3. Vinaliðaverkefnið, breytingar
4. Samræmt námsmat. Stöðu- og framvindupróf.
5. Bekkjarmyndir
6. Önnur mál

Lesfimiþróf MMS - nýjungar.

Skólastjóri kynnti helstu breytingar sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hefur gert á því hvernig niðurstöður nemenda á lesfimiþrófi eru birtar. Kynningarbréf var sent til foreldra í byrjun janúar.

Helsta breytingin er sú að gömlu lesfimiþrófin hafa verið felld úr gildi. Niðurstöður á lesfimiþrófi verða áfram gefnar í lesnum orðum á mínútu en útreikningur tekur nú betur tillit til þess hversu erfiður textinn og nákvæmur lesturinn er. Auk lesinna orða á mínútu eru niðurstöður nú settar fram sem mælitala. Mælitala er leið til að setja niðurstöðurnar í skýrara samhengi. Hún segir til um hvort nemandi búi yfir lítilli eða mikilli færni í samanburði við jafnaldra og gerir kleift að bera saman niðurstöður ólíkra prófa. Mælitölunni fylgir lýsing á stöðu nemandans og upplýsingar um áherslur í áframhaldandi kennslu.

Nýtt starfsfólk.

Nokkrar breytingar hafa orðið í starfsmannahópnum frá áramótum vegna forfalla og var það kynnt á fundinum.

Vinaliðaverkefnið.

Samningur við Norðmennina sem Árskóli hefur verið í samstarfi við um Vinaliðaverkefnið rann út um áramót. Árskóli er ekki lengur móðurskóli verkefnisins, en ekki hefur tekist að koma verkefninu yfir á annan rekstraraðila þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Á unglingastigi hefur verið boðið upp á leiki í íþróttahúsi í löngu frímínútunum og verður því haldið áfram, enda vel sótt. Unnið er að breyttu fyrirkomulagi á yngri stigum..

Matsferill, stöðu og framvindupróf.

Kynnt voru stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði, sem lögð verða fyrir í mars. Tilgangur þeirra er að draga upp sem nákvæmasta mynd af stöðu nemanda og framvindu í námi.

Stöðu- og framvinduprófin eru stöðluð en það þýðir að form, efnisinnihald, matsreglur og reglur um fyrirlögn prófanna eru fyrirfram ákveðin. Þar sem hverju prófi fylgja aldursbundin viðmið um frammistöðu er mögulegt að bera niðurstöður hvers nemanda, bekkjar eða skóla saman við landsmeðaltal.

Fyrirlagnartímabil prófanna er marsmánuður. Þessi sveigjanleiki gerir skólum kleift að aðlagja notkun prófanna að eigin kennsluskipulagi. Fyrirlögn stöðu- og framvinduprófa í lesskilningi og stærðfræði er skylda í 4., 6. og 9. bekk en ákvörðun um notkun prófanna í öðrum árgöngum er í höndum kennara, skólastjóra eða fræðsluyfirvalda hvers sveitarfélags. Með því að leggja prófin árlega fyrir fást góðar upplýsingar um framvindu nemanda. Hlekkur á nánari upplýsingar um prófin: [Stöðu- og framvindupróf Matsferils | Miðstöð menntunar og skólabjónustu](#)

Bekkjarmyndir.

Komið hefur fram hugmynd frá foreldrafélagi skólans um að taka bekkjarmyndir í lok hvers stigs, svipað og gert er á leikskólanum. Þarna er um að ræða hópmyndir í 4. og 7. bekk. Skólinn lætur taka hópmynd af 10. bekk að vori þ.a. unglingastigið yrði ekki með. Búið er að senda könnun um áhuga til foreldra í þessum bekkjum og var vörðun góð. Stjórn foreldrafélagsins fylgir málinu eftir og sér um skipulag í samráði við skólann.

Önnur mál.

Foreldrafélagið er að venju með dagskrá í íþróttahúsi á öskudag kl. 14:00-15:00 þar sem kötturinn verður sleginn úr tunnunni. Nemendur 10. bekkjar verða til aðstoðar og stjórna leikjum.

Rætt um hugmyndir um hvernig nýta má fjármagn frá foreldrafélagi, en foreldrafélagið er með afgang frá síðasta ári sem vilji er til að nýta í þágu skólans, t.d. til kaupa á spilum eða e-u slíku fyrir nemendur.

Næsti skólaráðsfundur er áætlaður 4. mars 2026.